

**Fundargerð 9. fundar Framkvæmdaráðs Snæfellsness**  
**Fundarstaður: Sögumiðstöðin Grundarfirði**  
**Fundardagur: 11 apríl 2005**

Af þeim sem voru boðaðir mættu eftirfarandi:

Guðrún G. Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – [gudrun@hellnar.is](mailto:gudrun@hellnar.is)

Hrafnhildur Jóna Jónsdóttir, fulltrúi Grundarfjarðar – [hjj@mi.is](mailto:hjj@mi.is)

Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðar – [finsen@soffi.is](mailto:finsen@soffi.is)

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðinum Snæfellsjökli – [gudbjorg@ust.is](mailto:gudbjorg@ust.is)

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar – [hildibrandur@simnet.is](mailto:hildibrandur@simnet.is)

Lydía Rafnsdóttir, fulltrúi Snæfellsbæjar – [lydia@centrum.is](mailto:lydia@centrum.is)

Forröll boðuðu:

Menja von Schmalensee, fulltrúi Stykkishólms – [menja@nsv.is](mailto:menja@nsv.is)

Ástþór Jóhannsson, fulltrúi Eyja og Miklaholtshrepps – [salmo@islandia.is](mailto:salmo@islandia.is)

Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – [dagny@stykkisholmur.is](mailto:dagny@stykkisholmur.is)

Varamenn gátu ekki mætt.

Dagskrá fundarins

1. Staða ýmissa mála yfirfarin
  - Bæklingagerð fyrir haustið
  - Innlendir fjórblöðungur
  - Erlendur fjórblöðungur
  - styrkjaumsóknir-Pokasjóður-Orkusjóður-Ferðamálaráð
  - tengsl við sveitarstjórnir
  - framkvæmdastjóri
2. Frekari upplýsingatengsl gegnum bæjarblöðin.
3. Styrkur frá Ferðamálaráði vegna skiltis við Grundarfjörð
4. Umhverfishelgi
5. Skilti með Green Globe 21 merkinu við innkomu á Snæfellsnes
6. Fánar með Green Globe 21
7. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
8. Sameiginleg sýn Framkvæmdaráðsins
9. “Aðalfundur” fyrir starfsárið sem er að ljúka – apríl ‘04-apríl ‘05
10. Önnur mál
11. Næsti fundardagur og fundarstaður

Fundinn setti Guðrún Bergmann kl 13:50 og gengið var beint til dagskrár.

1. Guðrún talaði um að huga þyrfti með góðum fyrirvara að gerð bæklinga fyrir Snæfellsnes m.a. fyrir næsta Ferðatorg. Leita þyrfti að ljósmyndara til að taka myndir og setja í gagnabaka Snæfellsness til að geta gengið í þegar á þyrfti að halda. Kom nafn Guðmundar Pálssonar frá Stykkishólmi upp í því sambandi. Helst þyrfti að láta taka myndirnar í sumar og hafa bækling tilbúinn til að taka með á West-Norden ferðaráðstefnu

sem verður í haust. Búið er að prenta fjórblöðung á íslensku sem verður að duga sem kynningarefni í sumar. Góð kynning verður um Snæfellsnes í landshlutabæklingi sem Ferðamálasamtök Vesturlands gefa út í ár (ásamt öðrum ferðamálasamtökum á landinu) sem ætlaður er tveggja ára líftími. Samþykkt var að gera fjórblöðung á ensku fyrir sumarið og prenta hann í 5000-7000 eintökum.

Guðrún Bergmann greindi frá því að hún hefði sótt um styrk úr Pokasjóði til að stika gönguleið og koma upp söguskilti við gönguleiðina yfir Kambsakað í Breiðuvík. Jafnframt hefðu hún og Menja ákveðið að sækja einnig um styrk til að merkja gönguleiðina upp á Drápuhlíðarfjall. Guðrún sótti einnig um styrk frá Orkusjóði til að rannsaka orkusparnaðarleiðir á Snæfellsnesi. Fyrir á árinu hafðu hún sótt um styrk frá Ferðamálaráði til að setja upp söguskilti um jarðfræði Kirkjufells. Fékkst hann. Greiða þarf gerð og uppsetningu skiltisins, sem þarf að vera komið upp fyrir 15. september. Þá gerir Ferðamálaráð úttekt og greiðir út styrkinn ef verkið hefur verið unnið, annars fellur hann niður. Athuga þarf með staðsetningu fyrir þetta skilti og tekur Sigríður Finsen að sér að ræða það mál í sinni sveitarstjórn.

Rætt var um það á hvaða hátt væri hægt að efla tengsl við sveitarstjórnir. Var ákveðið að leita eftir fundi með þeim. Mjög brýnt er að ganga frá ráðningu framkvæmdastjóra og verður það m.a. rætt á þeim fundi.

3. Guðrún sótti einnig um styrk að upphæð 500 þúsund krónur til Ferðamálaráðs úr verkefninu Ísland sækjum það heim en engin svör hafa borist enn.

4. Stuttur fyrirvara var að tillögu um sameiginlega umhverfishelgi á Snæfellsnesi og því ljóst að af henni verður ekki þetta árið. Halda þarf áfram að vinna að slíkri helgi á næsta starfsári. Einnig þarf að fylgja því eftir að upp verði settir flokkunargámar fyrir dagblöð og fernur, en slíkt er í vinnslu hjá Snæfellsbæ og Grundarfirði.

5-6. Setja þarf upp skilti við innkomuna inn á Snæfellsnes að sunnan-og norðanverðu með Green-Globe merkinu. Leita þarf leiða til að fjármagna það og setja gerð þess í ferli. Guðrún tekur það verkefni að sér. Bæjarstjóri Snæfellsbæjar kom með þá tillögu að láta gera fána með Green-Globe merkinu sem flagga má við ákveðnar byggingar og staði í bæjarfélögunum á Snæfellsnesi, til að vekja athygli á þeim árangri sem sveitarfélögin hafa náð að mæta viðmiðum Green Globe 21. Leitað verður eftir samþykki allra sveitarstjórna og málið síðan sett í ferli.

7. Ljúka þarf gerð fjárhagsáætlunar hið fyrsta fyrir tímabilið frá apríl '05 – apríl '06. Verður sú vinna hafin af formanni með gjaldkera Framkvæmdaráðsins og síðan unnin áfram með stjórn Framkvæmdaráðsins.

8. Rætt var um sameiginlega framtíðarsýn Framkvæmdaráðsins á þróun þess verkefnis sem unnið er að. Var meðal annars fjallað um það á hvaða hátt við gætum betur skerpt þá sýn til að í hópnum yrði meiri slagkraftur. Fjallað var um það á hvað hátt best væri að gera það en ekki komist að endanlegri niðurstöðu. Rætt var um að hugsanlega myndu

línur eitthvað skýrast í kringum aðalfund Framkvæmdaráðs Snæfellsness sem stefnt er á að halda í Klifi í Ólafsvík þann 18. eða 19 maí.

10. Undir liðnum önnur mál var meðal annars rætt um NTP verkefnið sem Snæfellsnes er aðili að. Sigríður Finsen greindi frá því að stefnt væri að ljósmyndasamkeppni í september á þessu ári og að halda eins eða tveggja daga hátíð sem kennd yrði við Jules Verne. Hugmynd kom frá Sigríði um að halda Jules Verne Maraþonhlaup um Útnesveginn og Jules Verne Fjallahjólakeppni um Jökulhálsinn í lok ágúst eða byrjun september. Sigríður ræddi um nauðsyn þess að gerð yrði lítil handbók með leiðarlýsingu Jules Verne upp á Snæfellsjökul. Munu Sigríður og Guðbjörg vinna að því að finna grunnlýsingu á henni úr bók Verne, Leynardómar Snæfellsjökuls, en í ár eru liðin 100 ár síðan Jules Verne dó og væri skemmtilegast að koma þessu verkefni í framkvæmd í haust eða síðla sumars.

11. Næsti fundur var ákveðinn seinnipart dags 18. eða 19. maí, þá í tengslum við aðalfund sem opinn verður öllum íbúum Snæfellsness.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:10

Fundarritari: Lydía Rafnsdóttir